

SKÝRSLA

UM

FORNGRIPASAFN ÍSLANDS

Í REYKJAVÍK.

I.

1863—1866.

---

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

---

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTUB HJÁ S. L. MÖLLER.

1868.

**F O R N G R I P A S A F N**  
**ÍSLANDS.**

## SKÝRSLA

UM

# FORNGRIPASAFN ÍSLANDS Í REYKJAVÍK.

1863—1866.

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

SAMDI.

EPTIR að hin danska fornleifanefnd var stofnuð, snemma á þessari óld, og vísir til forngripasafns var kominn hjá Dönum, þá tók nefnd þessi brátt að hyggja til forngripa hēðan af Íslandi. Einkum hafði hún augastað á kirkjum, og útvegaði jafnvel stjórnarbréf um að friða forngripi í kirkjum hér á landi, svo að þeim yrði eigi glatað nē fargað nema til forngripasafnsins í Kaupmannahöfn<sup>1</sup>, og var jafnframt skorað á Íslendíngu, einkum klerka, að selja af hendi fornar leifar. Einstakir hinna greindari og betri manna pá á Íslandi gátu skilið það, að í forngripunum mundi vera andlegur fjársjóður fólginn, en þeir sáu þó engi önnur ráð til að bjarga þeim en að láta þá fara sömu leiðina, sem svo mörg ágæt handrit voru komin á undan, það er að segja til Kaupmannahafnar, og eigi allsáar fornleifar voru sendar til forngripasafnsins þar. Með því móti hafa eflaust margir ágætir gripir frelsazt frá eyðileggingu, sem eru nú vel geymdir

<sup>1)</sup> Þrjú kansellibréf 19. April 1817, prentuð i Lagasafni Íslands VII, 669—671; — umburðarbréf fornleifanefndarinnar í Kaupmannahöfn sent tilstýrfirvöldunum á Íslandi 5. April 1817, sst. bls. 658—661.

i opinberu safni, sem menn eiga aðgáng að, en þó verða þeir eigi íslendíngum eins að notum og æskilegt væri, vegna þess að vér höfum enn enga skýrslu um, hversu margir eða hverir blutir eru komnir frá Íslandi, eða hver tala er á þeim í safninu, eða hvernig á þeim stendur. Þar að auki voru helzt sendir þángarð þeir gripir, er sízt var hætta búin, nefnilega frá kirkjunum. Færri voru þeir þó hér á landi, er kunnu að meta fornmenjarnar, og þóttu þær of auðvirðilegar til að „sorframast“ með því að fara úr landi. Þessi andlega deysð hefur orðið til að glata mörgum ágætum gripum<sup>1)</sup>, en eigi að síður eignum vér þó henni að nokkru leyti að þakka, að enn eru eptir talsverðar fornleifar í landinu. Nokkru síðar fór mjög að fara í vöxt tala erlendra manna, er ferðuðust hér um land, og ymsir þeirra hafa orðið fengsamari á fornleisunum en forngrípasafnið í Kaupmannahöfn; hafa þeir margir hverir með ymsu móti snapað saman mörgum ágætum gripum, haft á burt með sér, og látið þá í privatsöfn eða einkasöfn sín, þar sem þeir liggja grásnir, og eru að eins einstökum mönnum til augnagamans, en ví sindunum og Íslandi til einkis gagns. Mér gat eigi annað en gramizt að sjá, hvernig fornmenjar vorar fækkuðu og hurfu árlega, bæði á pennu hátt og fyrir hirðuleysi einstakra manna, því öll sú aðferð, er menn almennt híngað til hafa haft með fornmenjar, miðar í raun og veru til hins sama, hvort heldur menn safna saman fornmenjum til að selja þær útlendum hverju sem hafa vilja, sér í hag, og það opt fyrir hálfvirði, eða menn smiða úr þeim, eða láta þær fúna og grotna niður í hirðuleysi, eða þá að menn hafa sömu aðferð og með bækurnar, að menn safna þeim einn og einn maður hér og hvar út um landið, og þykjast hafa

---

<sup>1)</sup> Eg hefi t. a. m. skýrslur um hérumbil tuttugu tjöld og undir 80 vopn, er glatazt hafa í minni þeirra manna, er nú lifa, eða litlu áður.

mætur á þeim, en sjá ekki um að þeim sè borgið; bera síðan er singjarnir þær optast á hauginn, eða selja þær útlendum, þegar hinir eru dauðir. En að safna því öllu á einn stað, og að láta þeim þar verða borgið, sú alþjóðlega hugmynd er enn ekki vöknuð nema hjá einstökum mönnum<sup>1)</sup>.

Til þess að koma í veg fyrir, að landið yrði þannig gjörruð gersemum sínum, sá eg engin önnur ráð, en ef stofnselt yrði á ÍSLANDI sjálfsu ÍSLENZKT FORNGRIPASAFN; en auðséð var, að það var enginn hægðarleikur að koma sliku á. Íslendingar eru optast tregir til að trúa fyr en þeir taka á, og það er varla of sagt, að þeir vantreysta margir hverir alltof mjög kröptum sínum, svo að þó eg, eða einhver annar, hefði farið að boða evangelium sliks fornripasafns, mundu fáir hafa orðið til að ljá því eyru, meðan það hefði eigi orðið staðfest með sýnilegum stórmerkjum. Til þess því að geta komið sliku safni á þurfti fyrst að fá einhvern álitlegan vísi, er væri svo markverður, að allir skynsamir menn hlyti að sjá og skilja, að hugmyndin um íslenzkt fornripasafn væri eigi eintómur hugarburður. Nú bar svo vel í veiðar, að nálægt Baldursheimi við Mývatn fannst um sama leyti merkilegt dys frá heiðni. Fyrir meðalgaungu Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, alþíngismanns, fækki eg skýrslu um fund þenna eptir Arngrím Gíslason bókbindara á Grænavatni, og fylgdu uppdrættir. Skýrslu þessa gaf eg með nokkrum athugasemdum út í þjóðólfii, (14. árs nr. 17—18 <sup>10/4</sup> 62), og í næsta blaði (s. á. nr. 19—20 <sup>21/4</sup> 62), kom eg fram með „Hugvekju til Íslendinga“ útafund fundi þessum, og reyndi í henni til að leiða mönnum fyrir sjónir nauðsyn og nytsemi fornripasafns á Íslandi. Enn fremur brýndi eg þetta bæði munnlega og skriflega fyrir kunningjum mínum og

---

<sup>1)</sup> Sjá nr. 245.

ðórum, sem eg hafði færi á. Til þess að leggja hyrning-  
arsteininn í því líkt safn varð fyrstur kandidat Helgi Sig-  
urðsson á Jörva, núverandi sóknarprestur að Setbergi.  
Hann ritaði stiptsyfírvöldum Íslands til brèf 8. Januar  
1863, og bauðst til að gesa límtán gripi sem stofn til ís-  
lenzks forngrípasafns, með því aðalskilyrði, að Stiptsyfir-  
völdin tæki að sér umsjón safnsins. Þetta brèf  
er þannig látandi:

„Allir góðir Íslendingar, sem hafa þekkingu og ást  
á fornfræði og fornmenjum, munu vera á mínu máli  
um, að nauðsynlegt sé og fagurt að viðhalda þeim fáu  
fornmenjum, er enn kynnu að finnast í landinu, og  
munu þeir vera auðhvattir til að láta það ásannast í  
verkinu. En jafnframt má og gjöra ráð fyrir þeim  
mönnum, er skortir greinda þekkingu, þótt þeir annars  
opt hafi góðan viðja. Margir þeirra eru meðal almúgamanna,  
og hafa opt, fremur en hinir, einstaka gamla  
hluti banda á millum, finna þá eða eignast við yms  
tækifæri. Um þá er nokkuð öðru máli að skipta, því  
hjá þeim geta opt gamlir hlutir liðið undir lok, sükum  
þekkingarleysis, og veit eg partil of mörg dæmi. Sökum  
þessa mundi máske ekki þykja úr vegi, að drepið væri  
lítið eitt á allsherjar-þýðingu fornmenja, áður en ítar-  
legar yrði vakið máls á viðhaldi íslenzkra fornmenja.

Fornmenjarnar lýsa á sinn hátt, eins og fornsög-  
urnar á sinn, fornöldunum, og leiða þær sem sýnilegar  
og áþreisanlegar fram fyrir sjónir manna; lýsa þær  
þannig, hver um sig, öld þeirri, er þær eiga að rekja  
aldur sinn og kyn til (t. d. steinvopn Steinöldinni, kopar-  
vopn koparöldinni, járnvopn járnöldinni, og svo er um  
hverjar aðrar fornmenjar: allar þær lýsa aldar sinnar  
kunnáttu, smekk, hugsunarhætti o. s. frv.). Þær eru  
í svipuðu sambandi eða hlutfalli við fornsögurnar, sem  
mannamyndir eru við æfisögurnar, að því leyti þær ná  
til: bezti túlkur sagnanna, lýsa opt betur, en nokkur

saga getur, fornöldinni, eru hinar beztu, já stundum hinar einstu leiðarstjörnur sagnaritara, fræðimanua og listamanna, þar sem sögur og sagnir eru óljósari, ófullkomnari, óáreiðanlégri eða með öllu tapaðar, svo fornöldin er hulin sögulegri dimmu.

Sökum þessa og þvílíks, er eg ekki vil orðlengja í þetta sinn, hafa allar mentaðar þjóðir hinar mestu mætur á fornmenjunum, safna þeim hvaðan sem þær geta, raða þeim niður hjá sér, samkvæmt aldri þeirra og öðrum einkennum, geyma þær svo mjög vandlega, og leggja opt og óspart mikið fè og fyrirhöfn í sölurnar.

Jafnframt láta þær sér annt um, með ritgjörðum og fleiru, að útbreiða meðal alþýðu sem greinilegasta þekkingu á fornöld og fornmenjum. Fá þær þannig alla alþýðu í sylgi með sér, og launa mönnum fornmenjar og önnur fornfræðastörf. Landstjórnin og heldri menn leggja og sitt fram. Þetta sýna fornmenjasöfnin í öllum hinum heldri borgum Norðurálfunnar. Þetta sýna fornfræðasöfölgin, fornfræðaritin og störfin í hinum mentuðu ríkjum. Þannig geta þjóðirnar sjálfar sèð og sýnt öðrum fjarlægar og horfnar aldir (likt og leikurinn hið mannlega líf), og einsog leidt þær fram úr grófinni. Skapa þær sér þannig mikið gagn og gaman, mikla frægð og aðsókn lista og visindamanna; því fornmenjarnar eru hið sama fyrir listamanninn sem visindamanninn, og sérílagi sagnaritarann, því báðir þeir leiða í ljós fornaldirnar, hver á sinn hátt.

Þó að allar fornmenjar hafl sitt gildi, hvaðan sem þær eru ættaðar, eru þó hverri þjóð gagnlegastar og kærastar þær hinar sömu, sem ættaðar eru fra fornöld hennar og gömlu þjóðerni; og því kærari eru, eða ættu þær að vera þjóðinni, sem hún hefir varðveitt meira af þessu gamla þjóðerni, og hvilir fremur við fornöldina, eins og t. d. Íslendingar. Henni, þ. e. hverjum einum af henni, er og jafnskylt að gæta fornmenja sinna (er

hún á með fyllsta rætti) sem fornaldarsagna sinna og þjóðernis. Því sè þeirra ekki gætt, er að því vísu að gánga, að þjóðerni það, sem á þeim er byggt, verður á völtum fæti.

Að vísu er nú aðeins á stytta hált drepið á ágæti fornmenjanna (er annars væri nóg esni í heila bók), og þær mætur, er mentaðar þjóðir hafa á þeim og eiga að hafa, ef þær vilja vera í tölu mentaðra þjóða; en eg hygg þó að það, sem þegar er á drepið, nægi þó til að sýna þeim, er lítils eða einkis meta fornmenjar, eða eru hirðulausir með þær, sökum þekkingarleysis á ágæti þeirra, að verðugt sè, nauðsynlegt og fagurt, að sýna fornmenjunum hina mestu alúð með eptirtekt, hirðusemi og geymslu á þeim, og að enginn sè verðugri til að eignast þær hjá manni en föðurlandið; því eg gjöri ráð fyrir, að það hafi öflugan vilja til að eignast þær, vit og getu til að geyma þær og nota.

Af því eg hefi nú farið svo stuttlega yfir, að eg hefi orðið að sleppa mörgu — þótt eg voni, að slíkt þursi ekki að valda misskilningi — hefi eg og sleppt að geta þess, hverir hlutir að væru fornmenjar; því eg þóttist gánga að því vísu, að flestir vissu hvað almennt skilst við fornmenjar. Hirðuleysi á þeim áleit eg sjaldnast vera sprottið af þesskyns þekkingarleysi, heldur einkum og optast af vanvizku á þýðingu þeirra, þ. e. að hvaða gagni o. s. frv. þær væru. En væru nokkrir þeir, er ekki vissu hverir hlutir teldust til fornmenja, skal þess aðeins getið, að í þrengri merkingu eru til fornmenja taldir allir talsvert eða mjög gamlir hlutir (svo sem einnar eða fleiri alda gamlir), hvers kyns sem vera kynnu, og úr hverju helzt sem þeir eru (járni, kopar, tré, steini, silfsri, gulli o. s. frv.), einkum þeir, sem mannaverk eru á og hafa haft einhverja þýðingu, eða verið hafðir til einhvers á sinum tíma. En einkum eru það hlutir þeir, sem fundiðt hafa, eða geymzt, í jörð

eða á, frá fornöldinni, t. a. m. vopn, smiðar, fót eða vesnaður, skurðir, rúnir, rúnasteinar, forneskja og galdur o. s. frv. Hlutir þessir eru því fremur fornmenjar, sem þeir eru eldri og markverðari.

Eg vakti upphaflega máls á íslenzkum fornmenjum. En hvað er þá í stuttu máli um þær að segja? — Lítið, og að nokkru leyti ógeðfelt. Þær eru nú fáar orðnar til í landinu, að því menn vita til, og veldur það því, að ymsar þeirra hafa verið látnar fara út úr landinu á ymsum tínum, til Dana eða annara útlendinga, syri lítioð eða ekkert; sem og einnig það, að sumar af fornmenjunum hafa fyr eða síðar verið teknar til úrsmiðis, eða með annari ummyndun verið gjörðar óþekkjanlegar, og sem fornmenjar þýðingarlausar, af sjálsum landsmönnum; í stuttu máli: þeim hefir verið tortýnt<sup>1</sup>. Og þá má nærrí geta, að þeim hefir aldrei verið safnað í sjálfu landinu, nema, ef vera skyldi, lítið eitt hjá einstöku manni, og hefir það þá, að honum liðnum, optast tortýnt eða farið víðs vegar, af því eigandinn ekki bar umhyggju fyrir viðhaldi þeirra eptir sinn dag, og þeir, sem þá hlutu þær, sýndu þeim litla eða enga alúð. Aptur eru dæmi til, að þó mörgum hafi verið laust í hendi með fornmenjар, af því þeim ekki gat hugkvæmt hvað bezt væri að gjöra við þær, eða og möttu þær minna en vert var, þá hefir stöku manni þókt mjög vænt um þær, sem menjagripi frá fornöldinni, og því ekki viljað farga þeim, enda til þeirra manna, er liklegri voru, en hann, til þess að sjá þeim farborða. Þó hefir sá hinn sami ekki hugsað um, að sjá þeim framvegis borgið, svo allt hefslr borið að sama brunni. Á seinni tínum hafa að vísu margir metið

---

<sup>1)</sup> Svona fór um spjót, er fannst í Grettisodda (þar sem Grettir barðist við Mýramenn); svona um klótúð af sverði Snorra goða, og mart fleira.

mikils fornmenjar, og ekki viljað þær glötuðust, en þeir hafa ekki sèð neinn betri veg til að viðhalda þeim, en, eins og sýr var drepið á, að senda þær Dönum. Þeir áltu að eiga þær og sjá um þær, eins og fleira. Nefndum mönnum, er þannig hafa þókzt sjá fornmenjunum bezt borgið, hefur þókt vanta góðan geymslustað sýrir þær í landinu; og þótt sumum ekki hafi þókt öll vandkvædi á því, hafa þeir haldið, að til lítils væri að fara að safna fæinum fornmenjum, annaðhvort af því þeir hafa örvaðt um, að fleiri mundu svo gjöra, eða þeir hafa ekki gætt þess, að mart smátt gjörir eitt stórt. Í sluttu máli: gamla skoðunin sýnist alltaf hafa verið ríkust sú, að íslenzkum fornmenjum væri bezt borgið hjá Dönum, og að hún hafi haldizt við, síðan Árni Magnússon safnaði og færði Dönum allar þær fornsögur og handrit, bæði á pappír og kálfskinni, er hann gat fest hendi á, um allt landið. En þó þessi skoðun væri rétt á dögum Árna Magnússonar, þegar mikið þekkingar- og hirðuleysi á fornmenjum drottnaði, gat hún, að réttu lagi, ekki átt við á seinni tímum, þegar margir í landinu voru farnir að hafa mætur á íslenzkum fornmenjum; því þá sýndist sem menn hefðu átt að fara að safna þessum fornmenjum sýrir í landinu, eptir því sem kraptarnir þartil uxu, þó það, eins og kunnugt er, ekki væri gjört.

Því þótt mart af fornmenjum hafi glatazt, hefur þó til þessa nokkuð verið til af þeim í landinu. Og utan að þessu, sem til var eða er, var vegur að halda. En það hefur eins farið í þessu falli sem fleiru, að gamli vaninn er ríkur, og á opt lángt í land að breytast til batnaðar. Á þetta sér ekki fremur stað í Íslandi en mörgum öðrum löndum. Og hafi nú þessu þannig verið varið á seinni tímum, eins og nú er vikið á, hvað íslenzkar fornmenjar áhrærir, er ekki að surða, þó minni alúð væri lögð við þær á sýrri tímum, og mart

af þeim hafi þá glatazt, eins og sýr er minnzt á. Því geta allir nærri, sem þeim tímum eru kunnugir. Og er mönnum það, einsog fleira á þeim tímum, virðandi til vorkunar, sökum þess að þá var þjóðarandinn orðinn svo mjög niðurkæfður og úrkynjaður, af öllum þeim hörmungum, er dunið höfðu yfir landið öld eptir öld, vegna óheppilegrar stjórnar á landinu og annara landplága. Og þegar svona stóð á, var naumast ætlandi til að óðruvísi færi, eða að fornmenjarnar hefðu betri afdrif en svo mart annað ágætt. Hér er að visu stuttlega yfir sögu farið um afdrif íslenzkra fornmenja híngað til, en þó, að ætlan minni, svo mikið sem nauðsyn ber til; enda er það, sem hér er sagt, meðfram og einkum sagt í því skyni, að ókunnugir menn, einkum útlendir ferðamenn, ekki þursi að bregðast ókunnuglega við, þótt þeim bregðist von sín um, að sjá fjársjóð eða safn af fornmenjum í landinu, þótt þeir annars (þ. e. ef óðruvísi hefði verið ástatt), hefðu haft ástæður til að vænta þess í fornsögulandinu mikla.

Eins og það er geðfelt, að eiga fræga fornöld, eins er það ógeðfelt, að eiga ekkert fornmenjasafn, nè geta sýnt útlendum mönnum, er koma til að skoða okkar nafnkunna land, neitt þvílikt. En eins er varið með þetta, einsog annað, er vér ekki höfum getað öðlazt, að ekki tjáir þar um að fást, og ekki verður það aptur fengið, sem mist er til fulls. En úr mörgu má bæta, og svo má segja um þetta. Hér og hvar á landinu eru enn til fornmenjar, ef vel er leitað, þó þær sér, eins og við er að búast, mjög á sundrúngu. En enginn getur sagt, hvað þær sér margar, eða hve markverðar, sýr en þeirra er leitað með alúð og þær geymdar vel og notaðar. Látum því ekki ásannast, að vér lengur sérum hirðulausir með þær sáu fornmenjar, er sumir af oss enn kynnum hafa handa á milli, vita af eða finna. Höldum þeim saman og munum eptir

því, að mart smátt gjörir eitt stórt, að þetta fáa, ef saman kæmi í eilt, getur orðið mart, getur orðið að safni, er bæði væri þjóðlegt og í marga staði markvert. Hlynnum því af alefli að þessum dýrmæta fésjóði. Reynum til að safna fornmenjum og koma saman á einn stað. Leggjumst á eitt í þessu, og hver leggi sitt til, af þeim er það geta, og láti í té, þó ekki sè það nema einn forngrípur eða fáir. Höfum því betri von um hluttekning annara og aðstoð, sem áform þetta er nauðsynlegt og fagurt, og margir ágætismenn eru í landinu. Vitum og, að margir af alþýðu eru farnir að skilja í ágæti fornmenjanna, og meta þær, ef til vill, á við fornsögurnar, eins og þær líka eiga skilið, og væntum því, að þessir menn geti á sinn hátt, engu síður en mentuðu mennirnir á sinn, orðið hinir beztu aðstoðarmenn fyrirtækisins. Þess vegna er ósk míin og von til allra Íslendinga, er eg veit að sjá nauðsyn á íslenzku forngrípasafni engu síður en eg, og óska þess af heilum hug: 1) að þeir komi inn hjá sem flestum, þar sem þess þarf, verðskuldaðri virðing, þekking og ást á fornmenjum landsins; — 2) að þeir sœu í fyrirspurn um fornmenjar þessar, og nái til sín því af þeim, sem unnt er, til þess að frelsa allt þvílikt frá mögulegri glötun. — 3) að þeir verði samtaka í og samráða um, að safna öllum þessum fornu hlutum (eða myndum, uppdráttum og lýsingum af þeim hlutum, er ekki yrði safnað) svo fljótt, sem auðið er, saman á einn stað í landinu, og þannig leitast við að landið geti eignað íslenzkt fornmenjasafn. Þetta safn, svo lítið eða mikil sem það yrði, ætti að vera á helzla stað í landinu og í einu lagi. Og staður þessi er, að ætlun minni, sjalfsagt Reykjavík, og ber einkum tvennt til þess: 1. þángarð koma flestir, bæði inn- og útlendir menn, til þess að sjá safnið eða hafa gagn af því. — 2. þar fæst að likindum bezti geymslustaður fyrir þvílikt safn, einkum

þegar hið nýja bókhlöðuhús yrði þar fullgjört. Ættu þá stiptsyfirlöðin og bókavörður stiptsbókasafnsins (eða, ef betur þætti við eiga, annaðhvort í bráð, eða vegna breyttla kríngumslæða, 2–3 af skólakennurunum) að hafa jafnt umsjón yfir þeim sem bókunum. En það segir sig sjálfst, að ekki mætti ljá út neitt af fornmenjunum, enda mun það hvergi gjört, þar sem slik söfn eru. En þetta á heima meðal ákvarðana um geymslu á safninu.

Nýnefnd ósk míni er sprottin af laungun minni og vilja að hlynna að fornmenjum okkar. Og af því eg hefi jafnan haft mætur á þeim, og verið í fyrirspurn um þær, hefir mér tekist að eignast fáeina þesskyns hluti, er eg, samkvæmt tilgángi greina þessara, skal nánara skýra frá, svo þeir sýni, hvaða árángur orðið hefur af viðleitni minni. En ekki getur verið ætlan míni, að þessu sinni, að skipta hlutum þessum í flokka, eptir aldri þeirra eða gildi — því til þess þurfti ítarlegri rannsókn; en hér er rúm eða tími til — heldur ætla eg fyrst að geta þeirra, sem eru úr tré eða horni, og því næst þeirra, sem eru úr málmi, og seinast tveggja (pergamenta eða) kálfskinnslaða, og loksns kvers með forneskjum á. Hlutirnir eru þá þessir:

1. Stokkur, skorinn með svo kölluðu höfðaletri; og er á bliðum hans nafnið: Steinvör Sveinsdóttir; á botnimum ártalið með rómversku letri: ANNO MDCXCIV, og í linu þar undir: PANN XXXI MARTI. Á lokinu er bara forn skurður. Stokkur þessi er einn af gömlu spónastokkunum og smiðaður handa nesndri konu (óvist hverri)<sup>1</sup>. Eru því endar hans kríglóltir útskotnir (fyrir spónablöðin). Útúr endum þessum er með skurði myndað fyrir drekahöfðum (uppáhaldsmyndum fornaldar-

<sup>1)</sup> Steinvör dóttir sira Sveins á Barði átti Ólaf sýslumann Einarsson í Skaptafells sýslu; hún andaðist 1716. Espol. Árb. ix, 32. J. S.

innar), og sest þar mótað syrir tönnum og augum. Stokknum hefur verið skipt sundur í miðju að innan, og er því lokið í tvennu lagi, og leikur hvert þeirra syrir sig á ási úr bólum til beggja enda. Þegar eg eignaðist stokkinn, er mun verið hafa eign forseðra minna í Vogi, var annar endinn og annað lokið fúið af honum. En eg setti þetta hvorttveggja á, í líking hins endans. Gamla fólkis, helzt ríkisfólk, hafði þvílika stokka til að geyma í spæni sína, er það átti mikið af og hafði handa gestum. En spónaeignin hefur mjög staðið í blutsalli við nautafjölda í landinu, sem miklu meiri var á fyrrí oldum en seinna.

2. Lítill kistill, allur með gömlum skurði, og ártalinu 1771 innanvert á lokinu. Fyrir honum er tréfluga með fornnum svip. Hjörur hans og læsing er sjálf sagt ýngra en kistillinn. Slikir kistlar, allir útskornir, voru pallkistlar gamla kvennfólksins, á þeim tínum, sem venja var að skera út allt, sem fagurt átti að vera.

3. Trafakefli. Er skurðurinn á því með allt öðrum svip, og líkum þeim, er sjá hefur mált á öðru, einkum gömlum lárum. Kefli þetta eignaðist eg eptir móður mína, Guðrún Þorkelsdóttur, og hún eptir móður sína, Guðrún Þórðardóttur frá Stóra Kálfalæk. Slikum kefslum fylgdi sívalt kefli, nálega eins lángt, og var það hast til að vefsja uppá nýþeginn tröf, sem síðan voru sléttuð á þann hátt, að velta sívala keflinu, með traflnu um, á sléttu borði, með flata keflinu, er optast hafði handfáng (stundum þó eins og tréhöldu upp úr sér) á endanum, eins og það sem hér ræðir um.

4. Leifar af mjög gömlu sverði. Blaðið er nú að lengd 11 þumlúngar. En þá er það fannst, loddi framanvert við það hérum 6 þumlúnga lángur partur, ryðbruninn, og vart samanhángandi. Var partur sá ekki hirtur (þó það hefði átt að vera). Skaptið er laungu fúið af,

svo ekki er annað eptir en sverðtánginn, er verið hefir furðu gildur, eins og blaðið hefir líka verið ærið þykkt. Um hjóltun er járnlykkja, mjög eydd af ryði. Framan af sverðinu vantar auðsjáanlega meira en blóðrefilinn. Af litlu broti í sverðinu hefi eg komið að, að í því er stórgert, bjart bitjárn. Sverð þetta fannst hérumbil fyrir 20 árum fram undan bænum á Álptanesi á Mýrum, niður við sjó. Hafði vogurinn, er þángað gengur inn, veturnn á undan brotið úr bakkánum fram undan bænum, svo þar sást á sverðið. Á þessum bakka fremst, og enda þar sem hann nú er brotinn af, hefir bærinn fyrrum staðið, en seinna verið smáfærður upp frá vognum, eptir sem hann hefir brotið framan úr bakkanum. Þetta sanna sagnir og minni gamalla manna. Eptir þessum málavöxtum hefir sverðið, er verið hefir mikið vopn, líklega fallið niður í gamlar bæjarmoldir, eða máske verið fallið þar, fyrir mör gum oldum. Af sterkleika sverðsins má og ráða, að það muni vera mjög gamalt, líklega ekki ýngra en frá landnámstið, eða landsins gullöld.

5. Tigilkñifur; og er skaptið úr kopar, með gati á fyrir tigilinn. Á því eru upphleyptar myndir karls og konu, talsvert máðar; þó sest glöggt til hjálms á höfði hans, sverðs, er hann hefir í beltinu, og til futanna á báðum þeim; er limaburður þeirra og staða ekki ólik því, sem þau væri að stíga vikivaka. Blaðið á knísi þessum er frá seinni tínum. Skaptið fannst fjarri mannabygðum; var því síðan komið til Konráðs, bróður Gísla fornfræðings Konráðssonar. Konráð var vinur sira Brynjúlfss Bjarnasonar, er fyrrum var prestur í Miklaholti, og gaf honum skaptið, af því hann vissi að hann unni fornmenjum. Á seinstu árum sínum gaf sira Brynjúlfur mér greint skapt. Það er geymt í stokk þeim, er fyrst var talinn. Þar er og geymt:

6. Koparlykill, er átt hefir að svo kallaðri tröllala-

læsingu; er hann því skegglaus, eins og slíkir lyklar voru, og hefir pípan, sem að utan er sívöl, en að innan með þríhyrndu holi, gengið utan um þristrendan stand, sem bak hefir verið á neðan til, til að hræra læsingarjárnið. Sökum þess, hvað læsing þessi var einföld, en ekki hægt að komast í hana, nema með lykli, er átti við standinn, hefir hún, að líkendum, verið kölluð tröllalæsing; sest slík læsing nú óviða.

7. Lyklahríngur, eða sylgja, er gamla fólkioð hnýtti lyklum sínum við, af því ekkert op er á honum. Innan í honum eru stafirnir Jhs (= Jesus). Munu því sylgjur þessar, er ekki sjást nú víða, vera frá kristnum tínum. Móðir mína gaf mér sylgjuna, og

8. Stíl úr kopar. Er hann frammjór, en ofantil áttstrendur með gati á, til að festa hann við sig eða við sylgjuna. Still þessi var hafður til að benda á stafi, þegar börn voru látin stafa. Stílar þessir eru viðast hvar undir lok liðnir.

9. Leifar af litlum tigilknífi, sem verið hefir einjárnungur, með snúnum röndum á skaptinu, og eru þær mjög ryðbrunnar. Framan af blaðinu brotnaði af slysum, þá kuífurinn fannst; sá eg þá í brotið, og sá, að í knínum er smágert stál.

10. Kopardoppa aptan af knífskapti. Hinir aðrir partar knífsins, sem verið höfðu úr járni, duttu sundur af ryði, þegar við knífnum var hrært. Þetta hvortveggja (9. og 10.) fannst, þá eg lét ryðja til jarðeplagarðs hjá mér vorið 1862.

11. Reiðgjarðarhríngjur, sem kallaðar hafa verið Bollaþríngjur eptir gömlum munnmælum, og kennadar eru við Bolla, er drap Kjartan Ólafsson. Er mælt þær hafi verið reiðgjarðarhríngjur Bolla. Þetta er og ekki ósennilegt, og vist sýnist það, að hríngjurnar séru frá eldri tínum, eptir því sem ráða má af smiði og lögum þeirra, og einkum af því, hvað þær eru kopar-

miklar, því þær jafnast, að því til, á við tvennar samkyns hríngjur nú á dögum, þótt orðnar sér talsvert máðar. Þær eru komnar sunnan úr Borgarsírði með Árna Jónssyni, er varð mjög gamall maður og bjó á Borg í Miklaholtshrepp, og voru þær lengi söðulhríngjur Guðriðar konu hans. Hann vísaði mér að þeim hjá tengdasyni sínum Jóni, og hjá honum fækki eg þær. Árni var margfróður maður, og sagði mér hvað gamlir menn hefðu sagt um uppruna hríngjanna. Hann sagði mér og, að til hefðu verið á yngri árum sínum í Borgarsírði aðrar svipaðar hríngjur, er kenndar hefðu verið við Kjartan Ólafsson, en vissi ekki hvað af væri orðið; enda hefi eg ekki getað til þeirra spurt.

12. Gamalt drykkjarhorn, allt út grafið, með trébotni og tinstút. Á því er mynd af tóu og flatti örni, og utanum það í hríng er lína með hófðaletri og í henni orð þessi: „drekktu varleg(a)”. Aldraður maður, er lengi hafði átt það, gaf mér það, og kvaðst ekki vita aldur þess, en sá, er sér hefði fengið, hefði sagt sér, að sá botn, er fyrr hefði verið í því, hefði verið orðinn fúinn af elli, svo nýr hefði verið í látinnum, og þá hefði færzt upp á hornið. Af þessu, og einkum því, hvað máð hornið er, sem að likindum ekki hefur opt mætt sliti, má ráða, að það sé allgamalt.

13. Kálfskinnsblað, með pápiskum latinusaung á annars vegar, og saungnótum yfir hverri línu. Línurnar með mjög vonduðu letri, en dausu og litt læsilegu, eru þrettán, og nótturnar, sem sumar hverjar eru að mestu burt máðar, jafnmargar. Þegar eg eignaðist það voru inn í það fest ómarkverð blöð. Gat eg þá ekkert frétt um uppruna þess, nema að það áður hefði verið á flækíngi.

14. Partur af kálfskinnsblaði, er sýnist hafa verið kaupmála- eða samningsbréf, dags. 22. Novemberm. 1594, að Skálholti í Biskupstungum. Blaðið er daust aflestrar, einkum seinni hlutinn.

15. Forneskja og galdrum á 19 blöðum í 8 blaða broti. Eru þar, á meðal annars, ymsar stefnur og særíngar (tóustefnur o. fl.), eignaðar Sæmundi fróða, Gísla lærða í Melrakkadal og Þórði á Strjúgi. Þar á eru og: syrpuvvers, lásavvers, ýmisleg galdradæmi (og eru aðalatriðin þar með villuletri), og sum þeirra með tilheyrandi stöfum, mjög margbrotnum, er heita ymsum nöfnum. Seinast koma svo nefndir varnarstafir (verndar- og heillastafir) allra stafa mestir og margbrotnastir, með ymsum nöfnum, svo sem: Himinsbarnahjálmar, Drottningarsignet, Gimsteinn Jónasar, Móisesstafur, Orionsauga, Prófetaprýði, Sólrvagn, Veldisvagn, Karlamagnúsarinnsigli, Móisesinnsigli, Salómonsinnsigli, Baldursinnsigli. Kver þetta er sýnishorn af galdri og forneskju fornaldarinnar, bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Það er svo undir komið, að maður nokkur léði mér nokkur lausablöð, með forneskju þeirri á, er nú var nefnd; áskildi hann, að eg dyldi nafn sitt í því tilliti. Hafði hann skrifsað upp nefnd blöð á yngri árum, þá er hann réri fyrir vestan Jökul. Af blöðum þessum skrifsaði eg upp það sem er í kverinu.

Um leið og eg hefi talið upp hluti þessa, hefir mér þótt eiga við að drepa á hið helzta, er eg vissi um uppruna þeirra, sögu, tilgáng og ásigkomulag; geng eg að því vísu, að þeir, sem unna fornmenjum, muni taka það vel upp fyrir mér.

Þess skal og getið, að nefnda hluti hefi eg eignað smátt og smátt, á þremur fyrstu árunum eptir að eg kom frá Kaupmannahöfn, nema hlutina 9. og 10. Siðan hefi eg ekki getað spurt til eða eignað neitt af slikum hlutum, þótt eg jafnan haldi spurnum þar um, og sýnir það, að hér nærlendis ekki er orðið um auðugan garð að gresja.

Sökum þess, að eg hér að framan hefi hvatt landa mína — og það með gildum rökum, að ætlan minni,

— til að hlynna að íslenzkum fornmenjum og safna þeim á einn stað í landinu, mætti með sanngirni ætlast til, að eg lèti ekki lenda við orðin tóm, heldur leggi minn skerf til þvílíks safns. En af mér, eins og hverjum einstökum, verður ekki með sanngirni ætlazt til mikils í þessu efni, heldur að eg leggi mitt fram, eins og allir eiga að gjöra, er vilja ávinna landinu nokkurt gagn og sóma með ymsum fornmenjum. Sökum þessa gef eg Íslandi framantalaða hluti, fímtán að tölu, og ætlast til og óska, að þeir verði fyrsti vísir til safns íslenzkra fornmenja. Vona eg jafnframt, að margir verði fúsir á að styrkja þenna vísir, og sér pess minnugir, að kornið syllir mælirinn.

Á þessari litlu gjöf skal eg standa svo fljót skil, sem unnt er, eptir að eg hefi fengið vissu frá þeim ágætismönnum, er eg fel gjöfina á hendur til beztu umsjónar, um, að þeir vili um gjöfina annast, samkvæmt þeim ákvörðunum, er eg nú gjöri um hana, eða máske seinna gjöri eptir nánara samkomulagi við hina heiðruðu hlutaðeigendur. Þær ákvárdanir, er eg nú gjöri fyrir gjöfuni, eru þessar:

1. Gjöfln (íslenzkar fornmenjar fímtán að tölu) skal vera undir umsjón stiptsyflvalda Íslands, og geymast útaf sér (helzt í skáp með loki fyrir) í sama húsi sem stiptsbókasafnið, og vera undir geymslu bókavarðarins.

2. Geymlumaður (bókavörður) skal rita hina gefnu hluti í kver, sem umsjónarmenn (stiptsyflvöldin) ákvárða þar til með áskrift sinni á það. Þar skal og getið, hvernig gjöfln sé til komin.

3. Nefnda hluti skal ekki ljá neinum manni, í neinu skyni, burt af geymslustaðnum, og því síður farga, heldur skal geyma þá þar sem vandlegast.

4. En öllum skal gesast kostur á að sjá nefnda hluti, jafnt útlendum mönnum sem innlendum, á þeim

tínum, er umsjónarmönnum og geymslumanni þykir bezt henta. Þeim sem vilja draga upp hlutina, mæla þá eða nota, án þess þeir þar við skemmist, skal þar til gefast kostur á sjálfum geymslustaðnum.

5. Samkvæmt tilgángi gjafarinnar skal bæta við hana gjöfum þeim, er koma kynnu frá öðrum, og fara með á sáma eða likan hátt.

Þær og nöfn gjafaranna skyldi auglýsa á prenti, og jafnframt mælast til af mönnum slíkra gjafa.<sup>1</sup>

Jörva, 8. d. Januarmánaðar 1863.

*Helgi Sigurðsson.*"

Stiptsyslrvöldin gjörðu góðan róm að þessu máli, og skipuðu Jón Árnason, bókavörð stiptsbókasafnsins, forstöðumann syrir fornmenjasafni þessu, eptir syrirmælum Helga; rituðu þeir Jóni bréf um þetta 24. Februar 1863, þannig látanda:

„Þér hasið í bréfi af dags dato skýrt oss frá, að Candid. philosophiae Helgi Sigurðsson á Jörva hasi sent yður ritgjörð, sem hanri ætlist til að prentuð verði í blöðunum, um þá nauðsyn, sem á því sè að safna íslenzkum fornmenjum saman á einn stað í landinu, helzt í Reykjavík, og skori hann í tèðri ritgjörð á landsmenn í því skyni; en næst því, að lýsa nauðsyn þessari, teli hann nokkrar fornmenjar, fímtán að tölu, sem hann eigi, og gefi þær jafnframt Íslandi, sem fyrsta vísi til safns af íslenzkum fornmenjum í landinu sjálfu, er geymist undir yfirumsjón stiptsyslrvalldanna í húsrúmi stiptsbókasafnsins, undir tilsjón bókavarðarins, eptir þeim ákvörðunum, sem hann hefir til bráðabirgðar tiltekið syrir geymslu þeirra í niðurlagi ritgjörðarinnar; tjáð þér, hann hasi losað að standa skil á osangreindum fímtán gripum hið fyrsta, eptir það hann hasi

---

<sup>1)</sup> Bréf þetta er prentað í „Íslendingi“ III, nr. 20 (% 1863).

fengið vissu fyrir því frá stiptsyflrvöldunum, að þau vili taka að sér að annast gjöfina, samkvæmt þeim af honum tilteknu ákvörðunum. Loksins hafið þér vænzt þess, að gjöfin muni, þegar fram líða stundir og safnið eflist, verða landinu bæði til sóma og gagns, og þess vegna vonast eptir, að stiptsyflrvöldin mundu taka vel boði þessu.

Þar sem vér nú hljótum að vera á einu máli með gjafaranum, herra Cand. Helga Sigurðssyni, um nauðsyn þá, sem á því er, að halda saman þeim fáu forngrípum, sem eptir eru hér á landi, og teljum það auðsætt, að sá einasti vegur til þessa sè, að safna þeim saman á einn stað í landinu sjálfu, og að Reykjavík, margra hluta vegna, sè staður sá, er bezt sè til þess kjörinn, skulum vér, með því herra Helgi Sigurðsson hefir snúið sér til yðar um þetta mál, er einnig varðar yður sem bókavörð stiptsbókasafnsins, biðja yður að votta honum virðingu vora og viðurkenningu um þá ættjarðar- og fornaldar-ást, sem lætur sig í ljósi hjá honum í þessu hans hrósverða fyrirtæki, og viljum vér engan-veginn skorast undan að takast á hendur þá yfirlumsjón með safni þessu, sem hann hefir ætlazt til af oss, eins og vér líka vonum þess af yður, að þér góðsúslægum vilið taka að yður tilsjónina með safninu og hlynna að því með yðar alþekktu aluð og nákvæmni.

Íslands stiptamtshúsi og skrifstofu biskups,  
24. Februarmán. 1863.

*Th. Jonasson*  
est.

*H. G. Thordersen".*

Sá dagur, sem bréf stiptsyflrvaldanna er ritað og þegar var getið, 24. Februar 1863, má heita af-mælisdagur hins íslenzka forngrípasafns, því að samkvæmt gjafabréfi Helga urðu þessir fljttán gripir þá

landsins eign, um leið og stiptsyfirvöldin tókust á hendur yfirmsjón safnsins. — Jón Árnason vildi þó eigi einn takast á hendur forstjórn og umönnun safnsins, og beiddi þess í bréfi til stiptsyfirvaldanna 15. Juli s. á., er hinir fyrstu gripir komu til safnsins, að eg væri einnig skipaður umsjónarmaður þess, jafnframt og hann beiddi um, að veittir yrði 20 rd. til bráðabirgða til skápa handa safninu. Í bréfi 24. Juli til Jóns Árnasonar samþykktu stiptsyfirvöldin báðar þessar uppástungur hans, og í bréfi sama dag fálu þau mér á hendur umsjón safnsins með honum; tókst eg það á hendur með bréfi til þeirra 5. August 1863<sup>1</sup>, og síðan hefi eg haft þá arðlitlu sýslu á hendi. Það fyrsta, sem kom hingað til forngripasafnsins, var Baldursheimsfundurinn, er Jón á Gautlöndum útvegaði því, og afhendi hann gjöflna 15. Juli 1863. Frumgjöf Helga á Jörva kom eigi til safnsins fyr en í Augustmánuði s. á.

Það fór sem mig varði (sbr. Hugvekju mína í þjóðólfí XIV, nr. 19—20), að þegar vísir væri kominn til safnsins, mundi það sannast, að hvorki væri landið enn

<sup>1)</sup> Bréf stiptsyfirvaldanna (Th. Jónasson — H. G. Thordersen) 24. Juli 1863 til málara Sigurðar Guðmundssonar, að þeir biðja hann, eptir tilmælum Jóns Árnasonar amanuensis, „að takast á hendur ásamt honum (Jóni Árnasyni) umsjón með forngripasafni því, sem nú er að stofnast hér í bænum, með gjöfum Cand. Helga Sigurðssonar á Jörva og alpingismanns Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum”. Stiptsyfirvöldin segjast snúa sér til Sigurðar, „þar sem þér (Sigurður) manna bezt vitið deili á, hvernig slikum forngripum bezt sé komið fyrir”, og segjast vænta „yðar (Sigurðar) góðfúslegu undirtekta, því fremur, sem oss er kunnur sá áhugi, sem þér hafið á því, að slikt forngripasafn, sem hér ræðir um, geti komið upp hér í landi”. — Í svari sínu 5. August 1863 til stiptsyfirvaldanna segir Sigurður: „eg tjái mig fúsan til að takast á hendur meðumsjón þessa safns, og hlynna að því eptir mætti”.

orðið fornmenjalaust, enda mundi safninu vekjast upp styrktarmenn eigi allfáir, og sèst það bezt á gjafaskýrslunni. Árið 1863 gáfust 42 gripir, og gefendur voru 9. Árið 1864 gáfust 152 gripir, og gefendurnir voru 62; höfðu 3 þeirra gesið áður. Árið 1865 gáfust 110 gripir, og voru þeir 62 er gáfu, meðal þeirra 49, er eigi höfðu áður gesið. Árið 1866 gáfust að eins 56 gripir, voru þá 25 gefendur, og höfðu 5 þeirra áður gesið. Þetta árið (1867) hafa þegar (til 28. Juli) gesiðt 52 gripir, en gefendur eru 27 að tölum og 23 þeirra nýir. Alls hafa gesiðt eða safnatz (að eins 5 gripir hafa verið keyptir) 412 gripir, en gefendur eru alls 158, og þeir allir á Íslandi nema einn (nr. 37—38). Skýrsla þessi sýnir alls eigi tölum þeirra manna, er hafa unnað og unna safninu, því að þeir eru miklu fleiri. Sumir hafa heitið gjöfum, sem enn hefur eigi náðzt til, og ymsir hafa reynlt til að styðja það á annan veg, enda eru eigi forngrípir í hvers manns höndum, þó að talsvert sè enn til af þein út um landið, og það eru eslaust mjög margir fleiri, en eg get vitað af, sem farnir eru að skilja, hversu dýrmætar fornleifarnar eru til að upplýsa sögu lands vors í mörgum greinum, og kannast við, að þær sè betur komnar í safni sér en viðs vegar út um landið, þar sem nær því allt hjálpast til að spilla þeim og glata. Menn hafa því mestu ástæðu til að vona, að safnið muni framvegis eslast og auðgast af góðum gripum, enda eru öll likindi til, að mart muni enn finnast í jörðu, því að fá dys hafa enn verið könnuð, og þó að engi fornmenjavon sè í allmögum hólum, er sögur hafa skapazt um í þjóðtrúnni (nr. 83), þá veit eg af hèrumbil 70—80 dysjum viðs vegar, sem liklegt er að sè áreiðanlega forndys. Forngrípasafnið mun engu síður eiga sér vini meðal kvenna en karla. Reyndar sjást fá kvennanöfn á gefenda-skránni, eða einungis 20 (5 árið 1864, 7 árið 1865, 4 árið 1866 og 4 það sem af er árinu 1867), en þess

fleiri kvennanöfn eða fángamörk þeirra standa á gripunum, sem gefist hafa, og mjög margir þeirra eru einmitt úr vörzlum og eigu kvennfólksins, svo sem allt, er að kvennbúnaði lýtur, útsaumar, öskjur, kistlar, traſakefli, brauðstílar, o. s. frv., enda hafa konur hér á landi frá því í fornöld og fram á þenna dag jafnan unnað fornnum fróðleik og við haldið honum. Vér höfum sögur um ymsar fræðikonur frá eldri tímum, og margur verður enn að játa, að hann hafi margan þesskonar fróðleik numið af konum, enda sýnir safnið það ljóslega, að konur nú standa eigi á baki ættmæðrum sínum, hvað það snertir, og fyrir safnsins hönd eiga þær í raun og veru engu síður þakkir skilið en karlmennirnir.

Safn þetta hefir ýmist verið kallað fornmenjasafn, forngrípasafn, eða fornmenja og þjóðgrípasafn. Nafnið FORNGRIPASAFN er hið algengasta bæði í ræðu og riti, og svo má það einnig vel heita, því þó að sumir munir þess sé eigi mjög gamlir að áratölu, nefnilega frá átjándu óldinni, þá mega þeir þó heita forngrípir, með því þeir eru úreltir og farnir að verða sjaldgæfir og hafa meira eða minna fornaldarsvip á sér. Þó að hin eiginlega fornöld hér á landi eigi geti talizt lengur en fram að 1400, þá má þó með sanni segja, að fornöld vor í mðrgum greinum nái fram undir 1800. Þá var umturnað hinum fornu stofnunum, er bundu menn með belgum böndum við fornöldina: alþíngi, stólunum, skólunum o. s. fr., og fjarskaleg breytíng varð á öllu hinu borgaralega, kirkjulega, heimilislega og andlega lífi; hin nýja óld, er þá rann upp, er svo ólík hinni fyrri, að gamlir menn, sem þá lifðu og enn lifa, þekkja varla af óðru en náttúrunni, sem ávallt er sjálfri sér lík, að þetta sé sama landið. Forngrípasafnið hefi eg, eptir því sem faung eru á og rúm hefir leyft, flokkað í fernt, eptir þeim sjórum aðaltímabilum, er mér virðist þjóðháttasaga Íslands helzt falla eptir. Fyrsta tímabilið tel eg frá

byggíngu Íslands og þar til er kristni er orðin rótgróin í landinu og biskupsstóll settur, eða frá **874 til 1060**. Þó að landið kristnaðist um 1000, og þá hafi eflaust lagzt af að heygja menn að fornum sið, svo að heiðin dys, sem flnnast, megi teljast fyrir þann tíma, þá hafa þó eflaust verið talsverðar menjar heiðninnar fram eptir ellestu óldinni, meðan þeir menn lífðu, er skírðust rosknir, og meðan yfirstjórn kirkjunnar eigi var í landinu sjálfsu, enda hafði kristnin þá lítið aðhald frá Noregi, nema að eins á dögum Ólafs helga (1014—30), og þykir mér því réttast að miða síðara takmark hins heiðinglega tímabils við hérumbil 1060. Annað tímabilið tel eg frá **1060 til 1400**. Framan af því tímabili, til 1264 eða 1300, er kristnin ávallt að magnast. Katólsk hindurvitni taka og smásaman að smeygja sér inn, einkum með Guðmundi góða, en þau verða íþróttinni til esflíngar, og kirknaskraut fer vaxandi. Munkaletrið burtrýmir algjörlega að kalla hinum fornu rúnum. Suðurgaungur, sem hafti hofðu skömmu eptir 1000, sem t. a. m. má sjá á því, að Brennu-Flosi gekk suður, voru nú alltíðar; Rómferlarnir og aðrir suðurgaungumenn fluttu aptur heim með sér suðræna mentun; þá tók hinn heiðni útskurða andi, með orma og dreka hnútum, að víkja fyrir hinu býsanckla lagi, eða stíl, sem síðan varð hér nærví eingaungu drottнandi í öllum innlendum útskurðum. Íslendingar stóðu þannig í sjörugu sambandi við allan hinn mentaða heim, og gátu því svo vel fylgt tímanum, eða urðu enda að sumu leyti undan sínum tíma. Verzlan þeirra var þá og óbundin. Að líkendum hefir háttbreyting sú, er varð í Noregi á dögum Ólafs kyrra, lítið náð til Íslands um þær mundir, því að það sjá menn á Sturlungu, að hin gamla öndvegisskipan hefir verið vanaleg hér fram undir 1300, og til verulegrar nýbreytni í búningum þekkja menn eigi heldur fyrir þann tíma. Á síðara bluta þessa tímabils verður talsverð breyting á ymsum háttum

manna. Þegar landið var komið undir vald Noregs konungs, þá kemur upp riddaraöldin; skjaldarmerki taka að tiðkast og fleira, sem heyrði til riddara siðum, sem sjá má af riddarasögunum, því eflaust eru margir partar í þeim al-íslenzkir, sem sýna, að íslendingar hafa horið fullt skyn á þessháttar hluti. Eldaskálar leggjast af, en ofn-stofur og ofnbaðstofur taka að koma í þeirra stað. Húsin á bæjum fjölda, en mínska. Verzlun íslendinga, sem þá varð að mestu einskorðuð við Björgyn, þar sem Hansa-kaupmenn einkum ráku verzlun, hefir eflaust haft talsverð áhrif á háttu manna á Íslandi, og greidt syrir breytingu þeirri, er varð á um aldamótin 1400. Um þau aldamót var Ísland syrir stundu komið undir Dana konung, en þá tóku þjóðverjar og Englendingar að reka hér verzlan nær því eingaungu, og varð þá algjör breyting á klæðabúnaði karlmanna, vopnabúnaði og ymsum öðrum heimilisháttum. Svarti dauði, er geysaði hér í byrjun fimmánuðu aldarinnar, hefir eflaust gjört þeim nýjungum greiðari inngaungu, því gamla fólkis, sem jafnast er fastheldnast við hið gamla, hefir þá mart fallið. — Þá tel eg byrja hið þriðja tímabil í þjóðháttasögu Íslands, og nær það fram að síðabótinni, **eða frá 1400 til 1550**; þá lagast að mörgu hættir landsmanna eptir því, sem tiðkaðist syrir vestan haf og á þjóðverjalandi, og allt kirknaskraut er þá í blóma sínum. Þá ruddi sér nokkuð til rúms hið gotneska útskurðarlag, en aldrei varð það hér þjóðlegt nè almennt. Siðabótin, sem Danir ruddu hér veg syrir með ofbeldi, varð að mörgu leyti að hinu mesta síðaspelli hér á landi. Við hana kom kyrkingur í allt hið þjóðlega líf. Íþróttin, er áður hafði tölувvert blómgast í skauti katólsku kirkjunnar, lagðist að mestu leyti í dá. Danir umturnuðu og rændu mörgu mesta og bezta skrauti kirknanna, og sýndu frábæra atorku í að afmá menjar íþróttarinnar. Þessum síðabótar ránskap og kirknasPELLI, og óðru aldarfaraldri, sem því var samfara,

er mjögsvo hreinskilnislega lýst í „Aldasaung“, er Bjarni Jónsson skáldi kvað nær sjötugur, hèrumbil 1616. Lýsing hans mun vera nokkurnveginn sönn, því þó að hann kunni að vera nokkuð katólskur í anda, þá dregur hann engar dulur á, að „mart ljótt“ hafi átt sér stað í hinum gamla sið, og eins kannast hann við „sagra kenningu“ í hinum nýja sið. Þessi sjögur erindi eru í kvæði hans:

„Allt hafði annan róm  
áður í páfadóm:  
kærleikur manna' á milli —  
mart fór þá vel með snilli —  
Ísland fèkk lofið lengi  
ljótt þó hér mart fram gengi.

Kirkjur og heilög hús  
hver vildi byggja fús  
gáfu til gózið hreina,  
grafnar brikur og steina;  
klerkar saltara súngu,  
sveinar og píltar úngu.

Allt skrif og ornament  
er nú hið gamla brennt,  
bílæti Kristí brotin,  
blöð og líkneski rotin,  
klukkur kólflausar standa,  
kenning þó fögur að vanda.

Hækkuð er tolla tekt,  
tvöföld þar lögð við sekt;  
hús drottins hrörna og falla,  
hrein þó sum standi varla;  
klaustroðnar kúa beitir  
kristinna manna reitir“.

þessar fáu en gagnorðu vísur sýna, að næg ástæða er til að telja tímabila skipti í sögu íþróttarinnar frá siðabótinni, og eins er það í öðrum greinum þjóðháttasögunnar. Fyrir 1550 voru byssur og fallbyssur farnar að flytjast inn í landið, og þess er getið um Jón biskup Arason, að hann gjörði „skanz” eða vígi á Hólum og hafði þar „byssur og stykki”<sup>1</sup>, en nú tók vopnaburður að leggjast niður, og öll vopn, ónnur en byssurnar, hversa smásaman.<sup>2</sup> Danir boluðu hérðan þjóðverja og hinum vestrænu þjóðir, og stiuðu landsmönnum þannig frá öllum samgaungum við þær; þeir einokuðu alla verzlun hér, svo að Íslendingar urðu í öllu tilliti að láta sér nægja það, sem þeir skömtuðu úr hnesa. Velmegun landsins fór við þetta síhnignandi, og er engi surða þótt mart breyttist til verra við þetta atferli. Þetta vanþrifa tímahil, eða fjórða tímabilið, nær frá 1550 til 1800. Þá varð síðast stórkostleg breyting á hibýlum manna og húsgögnum, búningi karla og kvenna o. s. fr., sem ádur er á vikið. Þessu tímabili mætti auðveldlega skipta í undirdeildir eptir oldunum, því að ártöl standa á svo mörgum gripum frá þeim oldum, en þess virðist varla þörf í þjóðháttasögu Íslands, því að á því tímabili urðu engar stórkostlegar breytingar. Vér hōsum þegar fengið allmarga gripi frá hverju þessara tímabila, sem margir hverir eru mjög merkir, eins og skýrslan ber vott um. Þó eru þeir, sem von er, misjafnlega merkir, og einstakir þeirra ættu fremur heima í öðrum söfnum; en það þótti

<sup>1)</sup> Samanber Sigurðar registur um Hólastað; þar er getið um „tvær fallbyssur, er keyptar voru fyrir sextán hundruð, níu haka-byssur fyrir níu hundruð og hálfhaka sjö”.

<sup>2)</sup> Magnús Jónsson gamli, sýslumaður fyrir vestan, vildi halda fram vopnaburði; ágrip af vopnadómi hans frá 1581 er í Anná�um Björns á Skarðsá 1, 270—80, en það bar litinn árángur til frambúðar.

varhuga vert að neita þeim viðtöku til safnsins, er þeir buðust, með því að þeir eru merkir í aðra stefnu, enda vantar þau söfn að nokkru leyti hér á landi, sem þessir hlutir ætti eiginlega heima í.

Þó að fornripasafnið hafi nú fengið svo marga styrktarmenn hér á landi, er hafa auðgað það að góðum gripum, þá má svo að orði kveða, að það hafi alitas verið og sè enn að berjast við öndina, því það hefir alltaf skort fè til viðurhalds, og fáir hafa orðið til að liðsinna safninu í því efni. Stiptsyfirvöldin hafa veitt því tvívegis litilfjörlegan styrk, eptir áskoran okkar umsjónar-mannanna, til skápakaupa og annars (nr. 187—189), sam-tals 24 rd. 40 sk., af fè því, sem ætlað er til óvissra útgjalda Íslands, enda fengu þau litlar þakkar fyrir það òrlæti sitt hjá stjórninni (bréf dómsmálastjórnarinnar 1. Juli 1865).<sup>1)</sup> Það er þó auðvitað, að slik stofnan, er felur í sér andlegan fróðleik, hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sér, og það getur enganveginn verið sanngjarn, að allur sá kostnaður liggi á einstökum manni, heldur á hann auðsjáanlega að liggja á öllu landinu, sem er eigandi safnsins og hefir af því gagn og sóma. Af þessum ástæðum hösum við forslöðumennirnir þívegis knúð á náðardyr stjórnarinnar, og beðið um 300 rd. ár-legan styrk handa safninu úr ríkissjóði, sem okkur virðist vera hið allra minnsta, er það geti komið af með. Fyrst stiptsyfirvöldin (1863), þá konferenzráð Thomsen, forstjóri fornripasafnsins í Kaupmannahöfn (1864), og

<sup>1)</sup> Tiðindi um stjórnarmál. Íslands II, 191; þar segir dómsmála-stjórnin, að hún „lætur útborgun þessa standa óraskaða, en framvegis má ekki greiða nein þesskonar gjöld úr ríkissjóðnum“. Það kann að vera vafi á, hvort dómsmálastjórnin hafi með þessum orðum viljað banna, að greiða framvegis nokkurn styrk til fornripasafnsins, eða þá heldur að greiða útgjöld „i von um samþykki stjórnarráðsins“ eptirá. J. S.

síðast alþíng (1865), mæltu kröptuglega fram með bænarskráum vorum. Kirkju- og kennslumálastjórnin gat heldur eigi annað en kannast við, að syrirtækið væri gott og nytsamlegt, og var bæn okkar heldur meðmælt (sbr. bréf hennar 15. Februar 1864 og 3. Februar 1865<sup>1</sup>, en dyrnar upp lukust eigi að heldur, því að fjármálastjórnin stóð föst fyrir. Jafnframt þessum tilraunum okkar við stjórnina leituðum við bæði brèflega og munnlega til einstakra manna hér á landi um einhverja bráðabirgðarskjálp, og varð árángurinn lítil. Þó má geta þess, að stúdent Páll Pálsson í Reykjavík gaf safninu auða bók eða prótokoll, og Jónas Jonassen faktor í Reykjavík gaf því glerrúður yfir skápa, er kostuðu 3 rd. 64 sk. Enn fremur gekkst Helgi Sigurðsson á Jörva fyrir samskotum fyrir vestan (1865), og urðu þau að upphæð 2 rd. 64 sk. Til hlunninda safnsins má telja það, að það hefur hingað til haft ókeypis húsnæði á stiptsbóka hlöðunni á dómkirkjuloptinu í Reykjavík, en hvorki er sá staður allskostar hentugur, sökum rúmleysis, enda getur það skjól brugðizt, þegar minnst varir, og litur út fyrir að innan skamms muni verða. En þó að menn teldi eigi húsnæði með bráðustu þörfum þess, þá eru þær þó ærið margar, svo sem opt hefur verið tekið fram. Þegar við sáum, að munnlegar eða skriflegar áskoranir fyrir safnsins hönd voru eigi einhlítar, þá fengum við í veturn sem leið í Decembermánuði nokkra Reykvíkinga með okkur, til að annast um og senda með okkur prentaða „Áskoran til Íslendinga“ um bráðabirgðarsamskot handa safninu, og er hún þannig hljóðandi:

### „Áskoran til Íslendinga.“

Einhver hin nytsamasta og nauðsynlegasta stofnan hér á landi er FORNMENJA- OG ÞJÓÐGRIPASAÐNÍ ÍSLANDS

<sup>1)</sup> Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands II, 9. 143.

í Reykjavík. Það er sannnefnt safn til sögu Íslands, og er eða getur orðið engu síður fróðlegt fyrir sögu vora en íslenzk handritasöfn, t. a. m. safn Árna Magnússonar, og felur enda ljósari og áreiðanlegri þekkíngu á fornöldinni í sér, það sem það nær, en nokkurt bókrit. Safn þetta var stofnsett árið 1863 með gjafabréfum þeirra Helga Sigurðssonar á Jörva (nú prests á Setbergi), 8. Januar, og Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, 15. August. Síðan hafa allmargir orðið til að senda því ókeypis góða gripi. Nú eru samtals komnir hingað til þess um 360 gripir, og loforð hafa fengist fyrir nær því eins mórgum gripum, sem enn eru ókomnir. Hagur safnsins stendur enn mjög völtum fótum: gjafir til þess, er losað hefur verið úti um landið, geta eigi náðzt, hinum nauðsynlegustu hirzlur fyrir það verða eigi fengnar og skýrslur um muni þess verða eigi prentaðar svo fljótt, sem þörf gjörist, — allt sökum peningaleysis. Því verður þó eigi um kennt, að eigi hafi verið leitað um styrk til stjórnarinnar handa því, því að þrægvis hefur verið farið að benni bónarveg: fyrst haustið 1863 með röggssamlegum meðmælum stiptsyfirlaðanna, þá haustið 1864 með öflugri meðmælingu konferenzráðs Thomsen, forstöðumanns fornmenjasafnsins í Kaupmannahöfn, og síðan 1865 með tilstyrk alþíngis, en hingað til hefur stjórnin dausheyrt við öllum þeim bænum. Vér sjáum því engin önnur úrræði, ef safninu á að verða borgið, en að vér Íslendingar sjálfir skjótum saman nokkru fè handa því, að minnsta kosti til hinna bráðustu nauðsynja þess, og sýnum stjórninni þannig í verkinu, að oss sè full alvara að vilja hafa safnið og hlynna að því, enda er eigi óliklegt, að stjórnin þá fari að gefa því meiri gaum en hingað til.

Af því, að svo brýna nauðsyn ber til að styrkja safnið nú þegar, og með því að vér finnum oss skylt málid, þareð safnið er sameiginleg eign allra vor Íslendinga, þá hófum vér, er ritum nöfn vor hér undir, komið oss saman um að gángast fyrir samskotum handa því. Vér vitum reyndar, landar góðir! að margir yðar eru lítt aflagsfærir, en vér vitum það og, að „mikið má, ef vel vill”, og það hafsið þér margopt sýnt með samskotum til annara syrtækja. Því viljum vér leyfa oss að skora FASTLEGA á yður, æðri og lægri, að styðja þetta þjóðlega syrtæki með nokkuð fjárframlagi; og þér, sem hafið af litlu að miðla! blygðiðt yðar eigi að gefa lítið, en gælið þess, að „mart smátt gjörir eitt stórt” (— gæfist, t. a. m., einn skildingur fyrir nef hvert á Íslandi, yrði það yfir 600 rikisdali —). Vér vonum fastlega, að þér kunnið að meta safnið réttilega og vilið eigi, að fornmenjar þær, er enn eru eptir úti um landið eða síðar kunnu að finnast, glatist sökum áhugaleysis eða samtakaleysis sjálfra vor, og vér treystum því, að þér því ALMENNT verðið vel og drengilega við þessari áskoran vorri, eins og sæmir mentadri þjóð, er ber virðingu fyrir þjóðlegum fróðleik, og vér berum því fremur traust til yðar í þessu efni, sem Íslendingar ávallt hafa haft mætur á fornöldinni, og margir yðar hafa þegar sýnt mikinn áhuga á að bjarga fornmenjum, með því að senda þær að gjöf til safnsins. Látið eigi þetta traust vort til yðar bregðast, landar góðir! og skorizt eigi undan að vinna sjálfum yður og ætljörðu vorri sóma og gagn á þenna hátt.

Hver, sem áskoranarbréf þetta er sent, er beðinn að senda það aptur og gjasir þær, er hann getur safnað, annaðhvort til einhvers af oss, er ritum þetta,

eða til þess, er fyrir voru hönd sendir það, og gefendurnir eru beðnir að rita sem greinilegast á það nöfn sín og upphæð gjafanna.

Reykjavík, 12. dag Decembermánaðar 1866.

*Eggert Ólafsson Brím. Jón Árnason. Jón Porkelsson.  
Lárus P. Blöndal. Ólafur Finsen. Páll Melsteð.  
Sigurður Guðmundsson".*

Þessi áskoran vor hefur þegar haft nokkurn árángur, og vér hofum fulla vissu fyrir, að hún ber meira árángur hér eptir, því að ymsir hafa lofað gjöfum, sem enn eigi hafa sent þær til safnsins, og mega undirtektir manna heita góðar í eigi betra árferði. Slik samskot geta þó aldrei orðið nema til bráðabirgða, og hofum við því enn farið þess á leit við alþing, að það reyndi til að útvega safninu árlegan styrk, helzt úr ríkissjóði. Þíngið kannaðist við brýna nauðsyn þess, eins og 1865, og var það samþykkt með miklum alkvæðasjölda að rita konungi bæna-skrá þess efnis, hver sem nú árángurinn verður.

Eitt það, sem brýna nauðsyn ber til að gjöra, er að auglýsa sem fyrst skýrslur um gripi þá, er gefast safninu, til þess bæði að koma í veg fyrir, að gefendurnir tortryggi umsjónarmenn safnsins, eins og eigi hefur verið laust við, og til þess, að menn geti lært að þekkja það og meta, og verði því fúsari á að fulltingja því, enda er skyld og maklegt að halda á lopti minningu og nafni þeirra manna, er styrkja þetta þjóðsafn vort og eigi skirrast við að leggja í sölurnar það gagn eða skemtan, sem þeir kunna sjálfir að geta haft af að eiga hina einstöku gripi, heldur sýna, að þeir kunna að meta sóma og gagn þjóðarinna meira en augnagaman sjálfsra sín. Ritskjóri þjóðólfss hefur að þessu leyti talsvert hlaupið undir bagga með safninu, og auglýst á sinn kostnað

mikið af gripum þess, alls 161 grip árin 1863—65, hefir safnið efstaust unnið sér hylli margra syrir þær skýrslur og þannig haft mikinn hag af því. Þó gat safninu eigi verið þetta einhlítt, því að skýrslur fengust eigi prentaðar svo fljótt, sem þörf gjörðist, svo að í Decembermánuði 1866 var allt óauglyst fyrir tvö hin síðustu árin, og engar likur til að fá meira prentað að svo komnu; þá var hálsarkar skýrsla prentuð sem viðaukablað þjóðólfs (22. December) á kostnað einstakra manna, og voru þar auglýstir 70 gripir, er gefist höfðu 1865, en þetta var í eitt skipti fyrir öll, svo safnið var litlu næر. Úr þessum kröggum höfum vér nú þá von að Bókmentafélagið bæti, og að það annist prentan skýrslina þessara fyrst um sion, enda kemur það vel heim við ætlunarverk félagsins, að útbreiða bæði erlendis og hér á landi fróðleik þann, er felst í fornmenjum vorum, að svo miklu leyti sem honum verður lýst í jafnstuttum skýrslum og þessum, sem engar myndir fylgja. Það þótti bezt við eiga, með því að þess var kostur, að byrja frá upphafi, bæði af því, að erflitt er að fá glöggt yfirlit eða geta borið samkynja gripi saman í binum sundurlausu skýrslum í þjóðólf, er margir munu hafa þegar glatað, og sömuleiðis af því, að þörf þótti á að gefa ítarlegri skýrslur um sumt, einkanlega um Baldursheims fundinn, enda eru eigi allfáar stasvillur, töluvillur og jafnvæl orðavillur í skýrslunum í þjóðólf, og áletranir eigi svo nákvæmar, sem skyldi, en nú hefir verið leitazt við að hafa þær svo nákvæmar að allri réttitan, sem unnt er, þegar þær eru eigi prentaðar með sama letri, en færðar til venjulegs bókleturs.

Reykjavík, 5. August 1867.

Höfndurinn.